



Ágætu félagar í Cruise Iceland,

Nú þegar við nálgumst miðpunkt annars líflegs sumars í skemmtiferðaskipum á Íslandi er ljóst að umhverfið hefur verið okkur fremur hagfellt hingað til og einkennst af áberandi aukningu í komum skipa. Þjónusta við skip hefur verið góð, aðstaðan hefur náð að halda vel utan um strauminn og boðið upp á jákvæða upplifun fyrir gesti sem upplifa Ísland í gegnum aðkomugátt skemmtiferðaskipa.

Hér á eftir fara helstu málin sem við viljum upplýsa ykkur um.

Ný stjórn tók við Cruise Iceland á aðalfundi

Ný stjórn Cruise Iceland var skipuð á aðalfundi félagsins í apríl en þá voru kosin í aðalstjórn þau Anna B. Gunnarsdóttir fyrir hönd Atlantik, Emma Kjartansdóttir fyrir hönd Iceland Travel, Íris Jóhannsdóttir fyrir hönd fyrir hönd Gáru, Jóhanna Tryggvadóttir fyrir hönd Hafnarsamlags Norðurlands og loks Sigurður Jökull Ólafsson fyrir hönd Faxaflóahafna. Í varastjórn voru kjörin þau Aðalheiður Borgþórsdóttir fyrir hönd Hafna Múlaþings, Blængur Blængsson fyrir hönd Samskipa, Hafsteinn Garðarsson fyrir hönd Grundarfjarðarhafnar, Hilmar Lyngmo fyrir hönd Ísafjarðarhafnar og Unnur Elva Arnardóttir fyrir hönd Skeljungs. Stjórn skipti loks með sér verkum og var Emma Kjartansdóttir, stjórnandi hjá Iceland Travel, kosin varaformaður og Sigurður Jökull Ólafsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna, formaður stjórnar.

Pétur Ólafssyni var þakkað framlag sitt til stjórnar en Pétur hefur síðastliðin 20 ár verið í stjórn Cruise Iceland, þau síðustu sem stjórnarformaður. Þar hefur hann leitt hagsmuni lögaðila í tengslum við skemmtiferðaskip saman með farsælum hætti og ýtt af stað nauðsynlegum breytingum þegar ljóst varð að skemmtiferðaskip gætu orðið ein af styrkustu tekjustoðum ferðaþjónustunnar.

Ný stjórn skipaði ennfremur málefnaþópa og hefur hún einbeitt sér að áframhaldandi viðhorfsbreytingu í garð skemmtiferðaskipanna, m.a. með því að tækla sérstaklega umræðu um að álag á ferðamannastöðum stafi sérstaklega af skemmtiferðaskipum og stuðla að betri þekkingu á þeim tekjum sem þessir ferðamenn skila til þjóðarbúsins.

Uppfærð á ferðamálastefna og aðgerðaáætlun Íslands

Í nýjstu uppfærslu á ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun Íslands til ársins 2030, sem lögð var fram á 154. löggjafarþingi 2023–2024, er lögð áhersla á að efla rekstur og innviði vegna skemmtiferðaskipa. Þar má nefna samstarfsramma um að samræma starfsemi skemmtiferðaskipa við nærsamfélagshagsmuni og sjálfbærnimarkmið, samhliða innleiðingu innviðagjalds fyrir erlend skemmtiferðaskip til að styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu. Stefnan leggur einnig áherslu á umskipti í átt að sjálfbærum orkuháttum, aðlögun að

A G L O B A L P U B L I C R E L A T I O N S F I R M

Cohn & Wolfe is a global leader in the public relations industry
and part of the WPP family of communications service companies

Cohn & Wolfe Íslandi | sími/tel +354 5525100



áhrifum loftslagsbreytinga og drög að regluramma fyrir landnotkun til að stuðla að jafnvægi í vexti ferðaþjónustunnar. Þar að auki getur yfirstandandi endurskoðun leitt til endurskoðunar á gistináttaskatti sem miðar að því að skapa sanngjarnt samkeppnisumhverfi og styðja jafnframt við hagvöxt og umhverfislega sjálfbærni, sem er í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Cruise Iceland skilaði inn umsögn við frumvarpið á sínum tíma, bæði almennt og svo á meðan málið var í meðferð nefndar þar sem lögð var áhersla á að engar ákvarðanir yrðu teknar um skemmtiferðaskipageirann án aðkomu hans sjálfs. Línurnar sem þar voru dregnar voru enn fremur unnar í nánu samstarfi við bæði CLIA og AECO sem einnig skiluðu umsögnum.

Efnahagsleg áhrif skemmtiferðaskipa á Íslandi

Í nýrri skýrslu Reykjavík Economics í samstarfi við Faxaflóahafnir og aðra haggaaðila, komu fram tölurverð efnahagsleg umsvif skemmtiferðaskipageirans á Íslandi sem voru metin á 37,2 milljarða króna árið 2023. Í skýrslunni kemur fram að farþegar skemmtiferðaskipa eyði umtalsvert meira en aðrir ferðamenn og séu með heildarútgjöld upp á a.m.k. 22-30 milljarða króna, sem kemur aðallega frá bandarískum gestum. Geirinn hefur tífaldað farþegafjölda á tveimur áratugum og er góður sveiflujafnari fyrir ferðaþjónustuna í heild þar sem válegar fréttir af eldgosum virðast t.d. ekki hafa áhrif fjölda ferðamanna með skemmtiferðaskipum. Umhverfisaðgerðir af hálfu skemmtiferðaskipa eru fjölmargar og markvissar og stefna skipaútgerðir að kolefnishlutleysi með notkun á lífoldsneyti, vetni, rafmagni og seglum. Í íslensku samhengi hafa Faxaflóahafnir innleitt „Environmental Port Index“ og stefna fleiri hafnir á innleiðingu auk þess sem í vaxandi mæli er boðið upp á landtengingu í formi rafmagns fyrir minni skemmtiferðaskip, en áætlanir eru um að bjóða upp á það sama fyrir stærri skip árið 2027. Framtíðaráætlanir fela í sér frekari umhverfisaðgerðir og áframhaldandi rannsóknir á efnahagslegum áhrifum skemmtiferðaskipageirans, en á döfinni er að rannsaka betur margar vísbendingar sem komu fram í skýrslunni.

Mikilvægt að halda í tollfrelsið

Kristófer Oliverson, formaður FHG, barðist fyrir afnámi tollfrelsis á skemmtiferðaskip og farþega þeirra á grundvelli ósanngjarnrar samkeppni og kallaði skipin „hótelskip,“ þrátt fyrir að engin slík skip hefðu sést á Íslandi í áratugi. Cruise Iceland telur mjög mikilvægt að halda í tollfrelsið til að leiðangursskipin haldi áfram hringsiglingum til landsins þar sem að þau skapa miklar tekjur fyrir hafnir og sveitarfélög, ásamt því að stuðla að frekari uppbyggingu og viðhaldi í samræmi við stefnu hins opinbera sem lengst af hefur miðast af því að stuðla að dreifingu ferðamanna um landið. Komur þeirra eru því orðnar áriðandi þáttur í rekstri minni samfélaga á landsbyggðinni og skapa þau dýrmætar tekjur fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sérstaklega samfélög úr alfaraleið. Efnahags- og fjármálaráðuneytið færði fram þau rök að slíkar undanþágur væru ekki veittar í nágrennalöndum okkar og að þær hafi verið settar á til að laða skemmtiferðaskip að í hringsiglingar sem rík ástæða var til. Í þessu felst að undanþágan náði markmiðum sínum og er Ísland í einstakri stöðu með hringsiglingar leiðangursskipa. Afnáam tollfrelsis myndi verða til þess að slíkum siglingum yrði hætt, vegna þess skrifræðis sem afnámið myndi leiða til, og um leið grafa undan þjónustu á landsbyggðinni og fæla frá einn verðmætasta hóp skemmtiferðaskipa. Nái þetta fram að ganga yrði tapið því töluvert meira en ávinningurinn fyrir ríkissjóð. Stærri skemmtiferðaskip

A G L O B A L P U B L I C R E L A T I O N S F I R M

Cohn & Wolfe is a global leader in the public relations industry
and part of the WPP family of communications service companies

Cohn & Wolfe Íslandi | sími/tel +354 5525100



sem hefja eða enda siglingar sínar í erlendum höfnum myndu áfram njóta tollfrelsis. Skrifræðið sem lagt er til við afnám tollfrelsisins er svo gríðarlegt og óframkvæmanlegt að það liggur í augum uppi að Ísland myndi hverfa af kortinu með afnámi tollfrelsis hvað hringsiglingar – eða sérstakar Íslandsferðir varðar. Cruise Iceland vinnur náið með AECO að því að finna lausn á þessum aðsteðjandi vanda en líklega verður lögð til málamiðlunarleið sem felur í sér einskonar flata gjaldtöku sem renni til nærsamfélags áfangastaðanna gegn því að tollfrelsinu verði viðhaldið áfram. Þá hafa AECO og Cruise Iceland skorað á stjórnvöld að rannsaka afleiðingarnar af afnámi tollfrelsisins enda teljum við engar líkur á að breytingin sé hagfelld fyrir ríkissjóð eða íslenskt samfélag og efnahagslíf.

Loftmengun töluvert undir skilgreindum viðmiðunarmörkum

Eitt áherslumál Cruise Iceland á síðasta ári var að takast á við villandi umfjöllun vegna útblásturs frá skemmtiferðaskipum sem gaf alls ekki rétta mynd miðað við fyrirbyggjandi gögn. Niðurstöður loftgæðamælinga fyrir árið 2023 sýna að styrkur mengunarefna eins og brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnissambanda og svifryks var vel undir viðmiðunarmörkum við Skarfabakka, samkvæmt reglugerð 920/2016. Þetta var einnig staðan árið 2022. Verkfræðistofan Vatnaskil sá um greiningu gagna, en mælingar voru framkvæmdar með loftgæðastöð í Laugarnesi, rekinni af Vista, og annarri stöð við Leikskólann Lund. Mengunina sem þó fannst má að stórum hluta rekja til umferðar og eldvirkni á Reykjanesskaga, en ekki sérstaklega til skemmtiferðaskipa. Þetta eru ánægjulegar niðurstöður og styrkja geirann enn frekar gagnvart um of mikla mengun sem oftast byggist á misskilningi vegna þeirrar gufu sem skrubbarar skipanna geta gefið frá sér í stilltu veðri. Í fyrra átti sér þó stað óheppilegt atvik þar sem hreinsibúnaður skips bilaði í höfn á Akureyri en engin slík tilvik hafa ratað í fjölmiðla í ár.

Farþegatakmarkanir/CAP tölur

Hafnir nokkurra sveitafélaga hafa sett fram takmarkanir (CAP) á fjölda farþega til að stuðla að því að innviðir ráði við ferðamannastrauminn. Grundafjarðarhöfn hefur takmarkað fjölda gesta við 4000 farþega, Seyðisfjarðarhöfn 3500 farþega, Borgarfjörður Eystri 500 farþega og Djúpvogur við 2500 farþega. Þá hefur Ísafjörður gert áætlun um takmarkanir fyrir árin 2025 og 2026, en bókanir fyrir 2024 byggja á eldri bókunum áður en hámarkið var sett á. Ákjósanlegur fjöldi fyrir Ísafjarðarhöfn er 5000 farþegar, en hámark 7000 farþegar. Akureyri vinnur sem stendur að stefnumörkun í þessum efnunum.

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík

Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir hafa hafið vinnu við mótun stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík, í samvinnu við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins. Markmið verkefnisins er að skapa sameiginlega sýn hagaðila til að skilgreina aðgerðir við álagsstýringu sem hafa áhrif á samfélag, náttúru, efnahag og nærumhverfi. Verkefnið styður aðgerð C.7 í tillögu stjórnvalda um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030, sem snýr að samstarfi um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða til að skapa verðmæti í sátt við samfélag og náttúru. Skipaður hefur verið stýrihópur með fulltrúum helstu hagaðila og er þetta fyrsti verkhluti af

A G L O B A L P U B L I C R E L A T I O N S F I R M

Cohn & Wolfe is a global leader in the public relations industry
and part of the WPP family of communications service companies

Cohn & Wolfe Íslandi | sími/tel +354 5525100



Þremur þar sem afurðin verður stefnuskjal hagaðila með sameiginlegri sýn um þolmörk og móttöku farþega skemmtiferðaskipa í Reykjavík. Aðrir verkhlutar munu fylgja, þar á meðal mótun aðgerðaáætlunar, innleiðing og framkvæmd. Cruise Iceland á sæti í stýrihópnum.

Fjölmiðlar

Skemmtiferðaskip og þjóðgarðurinn

Í júlí í fyrra jókst straumur skemmtiferðaskipa til Íslands umtalsvert sem hefur jákvæð áhrif á efnahag, mannlíf og náttúru enda eru ferðir skipulagðar með löngum fyrirvara. Þó hafa þau á sama tíma einhver áhrif innviði, náttúru og stjórnun menningar sem einhverjir telja áhyggjuefni. Í grein Einars Á. E. Sæmundsens vakti hann athygli á umhverfisáhrifum í þjóðgarðinum á Þingvöllum vegna fjölgunar ferðamanna. Hann tók þá ekki inn í reikninginn góða skipulagningu í kringum komur skemmtiferðaskipa og þá staðreynd að þær eru bókaðar langt fram í tímann svo að auðvelt er að haga starfsmannamálum og skipulagi þjóðgarðarins eftir því. Einnig þarf að taka tillit til þess að þrátt fyrir mikinn fjölda farþega skemmtiferðaskipa sem heimsækja Ísland, sérstaklega í júlí, eru þeir minnihluti gesta á Þingvöllum, sem bendir til viðráðanlegra áhrifa og að þjóðgarðsvörðurinn hafi etv. hengt bakara fyrir smið. Fjölbreytni og skipulagning ferða og afþreyingar bendir til fjölbreyttrar eftirspurnar sem gagnast þjónustuaðilum í þéttbýli og undirstrikar þörfina fyrir sjálfbæra starfshætti í ferðaþjónustu. Þessir punktar ásamt fleirum komu meðal annars fram í [svargrein Ingvars Arnar Ingvarssonar, talsmanns Cruise Iceland, á Vísu](#) og virðist greinin hafa opnað augu áhugasamra fyrir fjölbreyttri afþreyingu og þjónustu sem ferðamenn af skemmtiferðaskipum nýta. Cruise Iceland þakkar Emmu Kjartansdóttir hjá Iceland Travel og Önnu B. Gunnarsdóttur hjá Atlantik fyrir bakgrunnsvinnuna. Ef fleiri félagar Cruise Iceland luma á góðum dæmisögum sem hægt er að styðja gögnum og varða skemmtiferðaskip og áhrif þeirra á íslenskt samfélag þá má hafa samband við okkur hvenær sem er og við vinnum úr því aðsenda grein eða finnum því efni viðeigandi flöt.

Skemmtiferðaskipin ekki í samkeppni við hótél

Kristófer Oliverson, formaður FHG, gagnrýndi á MBL aukin umsvif skemmtiferðaskipa á Íslandi og sagði þau í samkeppni við hótél. Sigurður Jökull Ólafsson, stjórnarformaður Cruise Iceland, leiðrétti Kristófer og sagði skemmtiferðaskip ekki vera í samkeppni við hótél, þvert á móti væru þau mikilvæg fyrir ferðaþjónustu og hótél þar sem að skiptifarþegar sem nýta bæði flug- og skipasamgöngur, eyða miklu í gistingu og þjónustu á Íslandi. Árið 2023 voru skiptifarþegar 148.615 talsins og þeir gistu að meðaltali 2,15 nætur í landi. Ný alþjóðleg farþegamiðstöð í Reykjavík sem er væntanleg mun enn frekar styrkja þróunina. Sigurður benti einnig á að skemmtiferðaskipin kæmu til landsins átta mánuði á ári í stað þriggja eins og Kristófer hélt fram og stuðluðu að ferðalögum um allt land, ekki bara í kringum höfuðborgarsvæðið. Þá lagði hann áherslu á mikilvægi þess að fjölga skiptifarþegum og styðja við ferðaþjónustuna á landsbyggðinni. Nokkurt stress er innan ferðaþjónustunnar þessa dagana þar sem töluverður samdráttur virðist hafa raungerst í sumar. Gistinætur hafa dregist verulega saman og

A G L O B A L P U B L I C R E L A T I O N S F I R M

Cohn & Wolfe is a global leader in the public relations industry
and part of the WPP family of communications service companies

Cohn & Wolfe Íslandi | sími/tel +354 5525100



við þessar aðstæður er æskilegt fyrir okkur að bæta á samvirkni þá sem felst í því að reiða sig ekki eingöngu á eina gátt inn til landsins.

Skemmtiferðaskip eru andlagið

Cruise Iceland hefur einnig lagt mikla áherslu á það undanfarið, í samskiptum við stjórnvöld, hagaðila og fjölmiðla, að ekki sé hægt að bera skemmtiferðaskip saman við t.d. hótél, eða flug. Ástæðan er í megin atriðum sú að ferð með skemmtiferðaskipið er alltaf andlag ferðarinnar. Það á mjög sjaldan við um hótél, nema ef til vill þegar gist er á mjög sérstökum gististöðum eins og Deplar Farm fyrir norðan. Ferðamenn fara ekki í ferðalög til að sitja í flugvél eða gista á hótélherbergjum heldur er það áfangastaðurinn sem skiptir máli, almennt. Í þessum tilfellum er andlag ferðarinnar áfangastaðurinn. Þegar kemur hins vegar að skemmtiferðaskipum þá er andlag ferðarinnar skemmtiferðaskipið sjálft. Með öðrum orðum, ef skemmtiferðaskip væri ekki í boði fyrir Íslandsferð þá myndi ferðamaðurinn velja ferð með skemmtiferðaskipi á annan áfangastað. Það er afar mikilvægt að halda þessu sjónarmiði á lofti því þetta er aðgreiningarþáttur fyrir skemmtiferðaskip í íslenskri ferðabjónustu og ein af ástæðunum fyrir því að þau eru mikilvægur sveiflujafnari fyrir íslenska ferðabjónustu.

Af RÚV og mengunarfréttum

Kristinn H. Gunnarsson á Bæjarins Besta skrifaði fyrir skömmu [grein](#) þess efnis að RÚV hefði tekið viðtal við Nanný Örnú Guðmundsdóttur, bæjarfulltrúa Í-listans í Ísafjarðarbæ, sem RÚV kynnti ranglega sem fulltrúa Vinstri grænna. Viðtalið snerist um áhrif erlendra skemmtiferðaskipa og ferðamanna á Ísafjörð, þar sem fréttamaðurinn reyndi að leggja áherslu á neikvæðar hliðar eins og fjölmenni og mögulegan matarskort. Nanný reyndi að draga fram jákvæð efnahagsleg áhrif en spurningarnar snerust að mestu um vandamál. Í ár var þó ekki minnst á mengun frá skemmtiferðaskipum, þrátt fyrir að RÚV hefði á síðasta ári gert mikið úr meintum mengunarvanda án þess að sýna fram á raunverulegar mælingar. Þessa umfjöllun telur Kristinn skárri, þó enn megi greina neikvæða nálgun á framfarir á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið.

Í vor lá fyrir að Ísafjörður gæti átt í nokkrum vanda vegna bókana í skipakomum sem eru yfir því hámarki sem miðað er við í framtíðinni. Þrátt fyrir álagið hefur lítið borið á neikvæðum fréttum enn sem komið er en höfnin gætti vel að samtali við helstu hagaðila til að vara við stöðunni sem kynni að koma upp.

Vefur Cruise Iceland

Þá má nefna að við höfum einnig gefið vefsvæði Cruise Iceland nokkurn gaum þegar tækifæri hefur gefist til. Cohn & Wolfe hefur tekið stjórn á síðunni og lagfært villur sem höfðu komið upp m.a. vegna Dokk tengingarinnar og eins vegna fréttafnisins sem var hægt að birtast. Stefna er í mótun fyrir vefinn sem er kominn til ára sinna og miðar hún að því að hagnýta hann enn um sinn en reyna að bæta hann með hagkvæmum hætti.

Verkfærakista frá CLIA með skilaboðum fyrir sumarið

Loks má nefna að CLIA gaf í dag út verkfærakistu sem við hvetjum ykkur til að skoða. Hún inniheldur m.a. myndir sem ykkur er frjálst að nota (Net-Zero Emissions by 2050, að 45% farþega hafi bókað ferð með góðu aðgengi fyrir

A G L O B A L P U B L I C R E L A T I O N S F I R M

Cohn & Wolfe is a global leader in the public relations industry
and part of the WPP family of communications service companies

Cohn & Wolfe Íslandi | sími/tel +354 5525100



fatlaða, Fuel Flexibility, nýsköpun, störf í geiranum og margt fleira) á samfélagsmiðlum. Það er tilvalið ef þið ráðið yfir grafískum hönnuði að aðlaga þessi skilaboð á íslensku eða nota einfaldlega á ensku ef þið getið komið því við. Þá hefur CLIA einnig útbúið nokkur myllumerki (# - hashtag) sem kjörið er að nota á samfélagsmiðlum þegar þið deilið efni sem tengist skemmtiferðaskipum á ykkar miðlum – t.d. má nota #WeARECruise. Þá eru á [vefslóðinni](#) einnig upplýsingaskjöl um CLIA, um kolefnishlutleysi árið 2050 (einnig frá IMO), stefna CLIA gagnvart áfangastöðum, umhverfi og starfsháttum, yfirlit yfir reglur og eftirlit auk stefnu og strauma (Trends) en allt eru þetta gagnlega upplýsingar sem við hverjum ykkar til að kynna ykkur svo þið getið miðlað áfram til ykkar hagaðila.

Það er ljóst að sumarvertíð skemmtiferðaskipa á Íslandi hefur það sem af er ári verið lífleg og farsæl og með færri neikvæðum fréttum miðað við sama tíma í fyrra. Með nýrri stjórn Cruise Iceland, uppfærðri ferðaþjónustustefnu með sjálfbærni og innviði að leiðarljósi og miklum efnahagslegum áhrifum skemmtiferðaskipa eru útlitið gott þegar horft er fram á veginn til lengri tíma. Það sem liggur núna fyrir er að halda áfram að vinna að nýjum markmiðum í framþróun greinarinnar og fylgjast með þróun löggjafar, sem verður okkur vonandi í hag – við munum ennfremur reyna að hafa áhrif á hana með fremsta megni. Með sameiginlegu átaki og samstarfi geta allir hagaðilar áfram stuðlað að jákvæðum áhrifum skemmtiferðaskipa á Íslandi.

###

A G L O B A L P U B L I C R E L A T I O N S F I R M

Cohn & Wolfe is a global leader in the public relations industry
and part of the WPP family of communications service companies

Cohn & Wolfe Íslandi | sími/tel +354 5525100